

Arionbanki:

Fjárfest í sprotafyrirtækjum

■ Arionbanki hefur staðið að baki viðskiptahróðlunum Startup Reykjavík og Startup Energy Reykjavík ásamt Klak Innovit síðan 2012 og 2014. Hugmyndafræðin, sem bankinn hefur beitt gagnvart frumkvöðlaumhverfinu, hefur verið færð inn í bankann.

MYND: ÚR EINKASAFNI

TEXTI: HRUND HAUKSDÓTTIR

Ung fyrirtæki beita jafnan nýstárlegum aðferðum við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Að sögn Einars G. Guðmundssonar, forsvarsmanns bankans í nýsköpun, byggist „lean startup“ á lean-hugmyndafræðinni, gjarnan kenndri við Toyota:

„Í henni er mikilvægast að próa hugmyndir ekki of mikið eða langt, heldur skiptir meginmáli að útbúa lágmarksvöru (e. minimum viable product), prófa hana á notendum og betrubæta mörgum sinnum eftir þörfum.

STARTUP ARION

Arion banki hefur ólíka ferla til að þróa og innleiða vörur, en sá sér leik á borði með því að nýta „lean startup“-leiðina sem viðbót við þá ferla. Snemma árs 2015 efndi bankinn til Startup Arion, sem er viðskiptahraðall ætlaður fyrir starfsfólk bankans sem vinnur að hugmyndum fyrir bankann. Uppbygging og skipulag var hið sama og í Startup Reykjavík. Fimm teymi (af fimmtíu og fimm umsækjendum) voru valin til að þróa og innleiða sínar hugmyndir. Þannig fékk hvert teymi (þrjár til fjórir einstaklingar) í heild tólf vinnudaga í sérvinnuáðstöðu til verkefnisins yfir sex vikna tímabil. Markmiðið var að innleiða hugmyndir sem bæta upplifun viðskiptavina og/eða eru nýjar vörur/þjónustur. Í lokin voru verkefni kynnt fyrir



Einar G. Guðmundsson, forsvarsmaður ARION BANKA í nýsköpun. „Hugmyndafræðin, sem bankinn hefur beitt gagnvart frumkvöðlaumhverfinu, hefur verið færð inn í bankann.“

öllu starfsfólki bankans. Nokkur verkefnanna verða svo innleidd og gerð að sýnilegri vöru/þjónustu. Þannig hefur Arion banki lært af ungum fyrirtækjum hvernig viðskiptahugmyndir skulu þróaðar og innleiddar.

Mikil ánægja mældist með Startup Arion meðal starfsfólks bankans.

FJÁRFEST Í GEGNUM VIÐSKIPTAHRAÐLANA

Bankinn hefur nú þegar fjárfest í fimmtíu og fjórum sprotafyrirtækjum í gegnum viðskiptahraðlana og sér fyrir sér áframhald á þeirri vegferð. Fyrirtækin eru af ólíkum toga; hugbúnaður, vélbúnaður, hönnun, matvæla-

framleiðsla og ferðaþjónusta. Viðskiptahraðlarnir hafa reynst kærkomin viðbót við öflugt starf sem á sér stað innan frumkvöðlaumhverfisins. Stofnendur fá tækifæri til þess að einbeita sér að sínum verkefnum, fá öflugra ráðgjöf frá mentorum sem eru stjórnendur, fjárfestar og frumkvöðlar – auk fjármagns frá Arion banka. Til lengri tíma munu fyrirtækin vaxa og finna aukið fjármagn hjá fjárfestum. Tilkoma nýrra fjárfestingarsjóða sem munu fjárfesta í fyrirtækjum á sprota- og vaxtarstigi verður án efa enn frekari lyftistöng fyrir íslensk frumkvöðlafyrirtæki sem vilja hasla sér völlu á alþjóðamarkaði. Þrátt fyrir að þau muni

ekki öll lifa af skilar reynsla frumkvöðlanna sér ávallt í næstu verkefnum, vonandi fyrir lífstíð.

Allir hafa kost á því að sækja um í Startup Reykjavík og Startup Energy Reykjavík. Fyrir þá sem ganga með viðskiptahugmynd í maganum er einfaldlega málið að sækja um og láta reyna á hvort hugmyndin kemst að.“ **FV**

Bankinn hefur fjárfest í fimmtíu og fjórum sprotafyrirtækjum í gegnum viðskiptahraðlana og sér fyrir sér áframhald á þeirri vegferð.